

Þriðjudaginn 29. mars 1977.

Nr. 182/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Gunnari Guðmundi Guðmundssyni

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Tolllagabrot. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóminn kvað upp Guðmundur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist:

„I) Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að svipting ökuleyfis verði lengd, svo og

II) Að ákærði verði dæmdur til að greiða málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, en annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar verði greiddur úr ríkissjóði“.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa verið haldin framhaldspróf í máli þessu og ný gögn verið lögð fram, þ. á m. nýtt sakavottorð ákærða, dags. 15. desember 1976, og endurrit úr sakadómsbók Keflavíkur af rannsókn um ætlað áfengis- og umferðarlagabrot Egils Eyfjörðs Eiríkssonar sjómanns, Bjarnavöllum 7 í Keflavík, en ákærði hefur borið, að Egill hafi ekið bifreiðinni Ö 3205 undir áhrifum áfengis frá Keflavík til Grindavíkur 24. júlí 1975, svo sem í héraðsdómi greinir.

Við framhaldspróf í máli þessu kom fyrir dóm Kristinn Valberg Gamalielsson, lögreglumaður nr. 1 í Grindavík. Gerði hann lögregluskýrslu í máli þessu, undirritaði hana og tók varðstjóráskýrslu af ákærða. Staðfesti hann efni skýrslna þessara, en meginefni þeirra er rakið í hinum áfrýjaða dómi.

Í endurriti af rannsókn í greindu máli Egils Eyfjörðs Eiríkssonar kemur fram, að þeir félagar, hann og ákærði í

máli þessu, hafi neytt áfengis, áður en þeir fóru í bifreiðinni Ö 3205 að Aðalstöðinni í Keflavík, á heimili Egils Eyfjörðs að Bjarnavöllum 7, en ekki Eyjavöllum 7, svo sem greinir í héraðsdómi.

Við rannsókn í máli Egils Eyfjörðs kom fyrir dóm Gylfi Þórðarson vélstjóri, Bræðratungu í Grindavík, en hann tilkynnti lögreglu um akstur bifreiðarinnar Ö 3205. Fimmtudaginn 24. júlí 1975 var hann ásamt mágkonu sinni, Björk Aðalheiði Birkisdóttur, farþegi í bifreið, sem bróðir hans, Rúnar Þór Þórðarson ók. Voru þau á leið frá Reykjavík til Grindavíkur. Á móts við fjallið Þorbjörn eða við Svartsengi segjast þau hafa dregið uppi bifreið með fjögurra stafa Ö númeri, sem ekið hafi verið hlykkjótt eftir vegnum, svo að erfitt hafi verið að aka fram úr henni. Í henni hafi verið tveir menn og sá, sem ók, hafi bersýnilega verið yngri en farþegi hans. Ökumaðurinn hafi augsýnilega verið undir einhverjum annarlegum áhrifum, en þau hafi greinilega séð framan í hann. Bera þau hjónin, að svipað hafi verið ástatt með farþega hans.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, sem aflað var eftir uppkvaðningu héraðsdóms, kemur fram, að hann hefur 9 sinnum sætt sektum fyrir brot gegn umferðarreglum, einni sekt fyrir ölvun og einni sekt fyrir tolllagabrot. Þá sætti hann á árinu 1971 tveggja ára skilorðsbundinni ákærufrestun vegna brots á 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í sakadómi Keflavíkur hinn 5. apríl 1973 var hann svo dæmdur í 10 daga varðhald fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og var sviptur ökuleyfi í eitt ár frá 22. febrúar 1973. Sakavottorð þetta var borið undir ákærða, og hafði hann ekkert við það að athuga.

Svo sem í hinum áfrýjaða dómi getur, er sannað, að ákærði hefur framið brot þau, sem honum eru gefin að sök í ákæruskjali. Eru þau þar réttilega heimfærð til lagaákvæða.

Ber að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða.

Samkvæmt 2. og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr.

24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja, en ölvunarakstur ákærða, sem hann var dæmdur fyrir í sakadómi Keflavíkur 5. apríl 1973, hefur ítrekunaráhrif á brot það um ölvun við akstur, sem ákærði er dæmdur fyrir í máli þessu, sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku á þrem fimm þela flöskum af áfengi og um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 25.000 krónur.

Það athugast, að dómari sá, er rannsakaði málið og kvað upp héraðsdóminn, hefur eigi getið stöðuheitis síns. Þá var lögreglumaður sá, er stóð að handtöku ákærða með Kristni Valberg Gamalielssyni, eigi kvaddur fyrir dóm.

D ó m s o r ð :

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Gunnars Guðmundar Guðmundssonar, á að vera óraskað.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku áfengis og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Vilhjálmss Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 27. febrúar 1976.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið í dag, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 15. janúar sl., á hendur Gunnari Guðmundi Guðmundssyni, Heiðarbrún 14, Keflavík, fæddum 13. apríl 1936 í Reykjavík, fyrir að aka fimmtudaginn 24. júlí 1975 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Ö 3205 frá Þórkötlustaðahverfi í Grindavík áleiðis til Krísuvíkur, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans rétt sunnan við Ísólfskála.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr.

umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Enn fremur fyrir að hafa um sama leyti keypt af Bandaríkjamanni 3 fimm pela flöskur af ótollafgreiddu áfengi, þar sem þeir voru staddir við Aðalstöðina í Keflavík, en þar af voru tvær flöskur romm og ein vodka.

Telst þetta varða við 66. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1966, sbr. 3. gr. og 33. gr. áfengislaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, til að þola upptöku á framangreindu áfengi samkvæmt 1. mgr. 72. gr. fyrrgreindra laga nr. 59/1969 og 33. gr. i. f. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í lögregluskýrslu segir, að fimmtudaginn 24. júlí sl., kl. 1620, kom á lögreglustöðina í Grindavík maður að nafni Gylfi Þórðarson og tilkynnti (sic), að ökumaður bifreiðarinnar Ö 3205 væri líklega ölvaður. Sagði Gylfi þessi, að tveir menn væru í bifreiðinni og væri nokkur aldursmunur á þeim og æki sá yngri.

Tveir lögreglumenn fóru þegar að leita að bifreiðinni. Fengu þeir þær upplýsingar hjá vegfaranda, að henni hefði verið ekið í átt til Krísvíkur. Öku lögreglumennirnir áleiðis þangað og stöðvuðu umrædda bifreið í svonefndu Ögmundarhrauni. Höfðu þeir tal af ökumanni, ákærða í málinu, svo og farþeganum í bifreiðinni, Agli Eyfjörð Eiríkssyni, fæddum 1952.

Báðir voru menn þessir áberandi ölvaðir að sjá, og sýndi öndunarsýni, sem ákærði tók, 3. stig áfengisneyslu. Færðu lögreglumennirnir ákærða og farþega hans síðan til lögreglustöðvar til skýrslutöku hjá varðstjóra og að því loknu til Keflavíkur, þar sem læknir tók þeim blóð til alkóhólákvörðunar.

Nefndur Egill hefur neitað að hafa nokkuð ekið bifreiðinni Ö 3205 í umrætt sinn þrátt fyrir gagnstæðan framburð ákærða þess efnis. Er dómsrannsókn í máli hans ekki lokið.

Við leit lögreglumannanna í bifreiðinni fundust tvær flöskur af Baccardi rommi og ein flaska af Gilbeys vodka, allar fimm pela.

Framburður ákærða fyrir dómi er á þá leið, að um kl. 0900 umræddan dag hafi hann neytt hvítvíns að Eyjavöllum 7, Keflavík, og hafi magnið verið um hálf flaska. Að neyslu lokinni hafi hann farið fótgangandi heim til sín, en haldið aftur að Eyjavöllum 7 síðar um daginn. Eftir skamma viðdvöl hafi þeir Egill farið út í bifreiðina Ö 3205. Hafi Egill sest undir stýri og ekið af stað. Ók hann fyrst að Aðalstöðinni í Keflavík, en þar kveðst

ákærði hafa farið út úr bifreiðinni og hitt nokkra menn að máli. Eftir um það bil klukkustundar dvöl þarna hafi hann sest aftur inn í bifreiðina og hafi Egill nú ekið til Grindavíkur. Er þangað var komið, segist ákærði hafa tekið eftir því, að Egill var orðinn ölvaður, og hefði hann vegna þessa tekið við stjórn Ö 3205 í Þórkötlustaðahverfi í Grindavík og ekið bifreiðinni, þar til lög-reglumenn stöðvuðu hann rétt sunnan við Ísólfskála. Kveður ákærði Egil hafa drukkið af áfengi því, sem var í bifreiðinni, en ein áðurnefndra flaskna var átekin, þegar lögreglan tók þær í sína vörslu.

Ákærði segist ekki hafa neytt meira magns áfengis, en viðurkennir hins vegar að hafa neytt töluverðs áfengismagns frá því um hádegi daginn áður og fram til kl. 2300. Ekki kveðst hann hafa fundið til áhrifa áfengis við áðurlýstan akstur.

Magn alkóhóls í blóði ákærða í umrætt sinn var 2.09%.

Ákærði kveðst hafa keypt áfengisflöskur þær, sem áður er greint frá, af óþekktum Ameríkana, sem hann hafi hitt á planinu við Aðalstöðina í Keflavík. Hafi maður þessi boðið ákærða tittnefndar flöskur til kaups, sem hann síðan keypti fyrir 10.000 kr.

Með eigin framburði ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir, og varðar hún við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og 66. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969, sbr. 3. gr. áfengislaga.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum ákærum og refsingum:

- 1953 12/3 í Hafnarfirði: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1954 25/5 í Hafnarfirði: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 14. gr. bifreiðalaga.
- 1952 9/7 í Hafnarfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 20., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.
- 1961 24/8 í Keflavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir stöðvunarskyldu við umferðarmerki.

Samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, 45. gr. áfengislaga og 66. gr. tolllaga telst refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá skal ákærði vera sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 27. febrúar 1976 að telja samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og sæta upptöku til ríkissjóðs á tveim flöskum af Baccardi

rommi og einni flösku af Gilbeys vodka samkvæmt 1. mgr. 72 gr. tolllaga.

Loks skal ákærði greiða allan kostnað sakarinnar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Guðmundur Guðmundsson, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í eitt ár frá 27. febrúar 1976 að telja.

Tvær fimm pela flöskur af Baccardi rommi og ein flasku af Gilbeys vodka eru gerðar upptækar til ríkissjóðs.

Ákærða ber að greiða allan kostnað vegna máls þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 1. apríl 1977.

Nr. 138/1976. **Jón V. Jónsson s/f**
 gegn
Gunnari Erni Arnarsyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón V. Jónsson s/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.